

Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hin ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 41/1898:

Haraldur Ó. Briem

gegn

hreppsnefndarmönnum Geithellna-
hrepps, Jóni Finnssyni, Stefáni
Guðmundssyni, Einari Magnús-
syni, Finni Malmqvist og
Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r :

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutaðeigandi stefnuvottum 20. desbr. næst á eftir, sagði hreppsnefnd Geithellna-
hrepps, sem þá var skipuð hinum stefndu, áfrýj-
andum upp ábúð á $\frac{2}{3}$ hlutum jarðarinnar Bú-
landsness, er var eign hreppsins en áfrýjandi
hafði haft byggingu fyrir síðan 1880, og skyldi á-
frýjandi samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af
jörðinni í fardögum 1898. Áfrýjandi vildi eigi
sinna þessari útbyggingu og krafðist þá hrepps-
nefndin af fógetanum í Suður-Múlasýslu útburðar

á áfrýjanda af jörðinni, og fór sú gjörð fram hinn 7. dag júnímánaðar 1898, þannig, að fógetinn úrskurðaði, að áfrýjandinn mætti þá þegar útberast á ábyrgð rekvirentsins og lýsti síðan óheimil áfrýjanda öll afnot jarðarinnar, húsa og hlunninda, öðruvísi en eftir samkomulagi við viðtakanda. Eftir að úrskurðurinn var uppkveðinn, var síðan rituð í fógetabókina svo hljóðandi klausa: »Hreppsnefndarmenn Geithellnahrepps sem rekvirent ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn þær skaðabætur, sem rekvísitus á sínum tíma kynnu að verða tildæmdar með endilegum dómi fyrir ólögmætan útburð og útbyggingu, og samþykkja þeir það hér með með undirskrift sinni«. Stendur síðan: »Upplesið, játað rétt bókað« og þar undir, auk nafns fógetans: Í hreppsnefnd Geithellnahrepps, Jón Finnsson, Einar Magnússon, St. Guðmundsson, Finnur J. Malmqvist, Þorsteinn Jónsson.

Fyrgreindum útburðarúrskurði hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. sept. f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi fellur, að hinir stefndu samkvæmt ábyrgðarskuldbinding sinni verði in solidum dæmdir til að borga áfrýjandanum 3000 króna skaðabætur fyrir ólögmætan útburð og útbygging eða einhverja aðra upphæð eftir mati réttarins eða eftir mati óvilhallra manna dómkvaddra, að áfrýjanda auk þess verði dæmdur ábúðarréttur óskertur að Búlandsnesi, er hann hafði fyr, og að stefndu verði

dæmdir í málskostnað eftir mati réttarins. Hinir stefndu hafa aftur á móti krafist þess, að verða sýknaðir af kröfum og kærum áfrýjanda og að hann verði skyldaður til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað; og *til vara* hafa stefndu krafist, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Með því að það er in confesso í málinu, að krefjandi hinnar áfrýjuðu gjörðar hafi verið hreppsnefnd Geithellnahrepps, en hinum stefndu, sem óvíst er, hvort enn þá eru í hreppsnefndinni, hefir verið stefnt til yfirdómsins sjálfum, en eigi fyrir hreppsins hönd, þá hefir áfrýjandi eigi stefnt réttum aðila, til þess að geta komið fram kröfum sínum að því er snertir ómerking útburðarúrskurðarins og endurnýjun á ábúðarrétti áfrýjanda, og verður því að dæma hina stefndu sýkna af kröfum hans í þessu tilliti. Að því er skaðabótakröfuna áhærir, hefir áfrýjandi haldið því fram, að þó að álitid yrði, að eigi yrði látinn ganga dómur í þessu máli um ólögmæti útburðarúrskurðarins, er bindandi sé fyrir hreppsnefndina, þá ættu þó stefndu í þessu máli að fást dæmdir samkvæmt fyrgreindri ábyrgðarskuldbinding til að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir útburðargjörðina, sem að svo miklu leyti yrði dæmt um í þessu máli hvort lögmæt hefði verið eða ólögmæt. En við þetta er að athuga, að þó að skuldbindingarskjalið, sem að framan er tilfært, taki svo til orða, að hrepps-

nefndarmennirnir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, þá virðist þó verða að líta svo á skjal þetta í sambandi við það, sem á undan var gengið í málinu, og sérstaklega þegar það er athugað, að hreppsnefndarmennirnir nefna sig í skjalinu rekvirent gjörðarinnar og undirskrifa sig hreppsnefnd Geithellnahrepps, að það hafi eigi verið tilætlun undirskrifenda, að taka upp á sig neina persónulega ábyrgð með skjalinu, heldur hafi þeir ætlað með því að skuldbinda hreppsnefndina eða hreppinn sem þann eiginlega gjörðarbeiðanda. Það verður því eigi heldur hægt að dæma hina stefndu, sem hefir verið stefnt og hafa mætt að eins fyrir sjálfa sig í þessu máli, á þessum grundvelli, og verður því að sýkna þá algjörlega í máli þessu fyrir kærnum og kröfum áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinir stefndu Jón Finnsson, Stefán Guðmundsson, Einar Magnússon, Finnur Malmqvist og Þorsteinn Jónsson eiga að vera sýknir af kærnum og kröfum áfrýjandans, Haraldar Ó. Briem, í máli þessu. Áfrýjandinn greiði hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.